

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 15. febrúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði (523. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að herða viðurlög við efnahagsbrotum.

Með lögunum eru bæði refsingar hertar auk þess sem fleiri brot gegn lögunum eru gerð refsiverð. Í greinargerð eru rökin fyrir þessum breytingum fyrst og fremst sagðar vera alvarleiki brotanna. Ekki er útskýrt af hverju brot þau er lögin varðar teljist alvarlegri nú en þegar lögin voru sett. Ekki eru nefndir neinir dómar þar sem núverandi refsiramma var nýttur til hins ýtrasta. Í ljósi þess hve íþyngjandi refsingar eru, verður að gera þá kröfu að harðari refsingar séu ekki lagðar á með lögum nema að vel yfirlögðu ráði og að þörf sé sannanlega á því. Ekki verður talið að sýnt sé fram á það í greinargerðinni.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs